

**612. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
Þriðjudaginn 9. maí 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 612 lögmætan.

Oddviti óskaði eftir heimild til afbrigða við dagskrá þannig að tvö mál bætist við dagskrá með málsnúmer 2305063 og 2305071. Var það samþykkt samhljóða og verða málin nr. 6 og 7 á fundinum og munu önnur mál færast aftur sem því nemur.

Dagskrá:

1. Endurskoðun og ársreikningar 2022 - 2301033

Sveitarstjórn tekur til síðari umræðu og afgreiðslu ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2022. Fyrir fundinum liggur ársreikningur 2022, suðurliðun ársreiknings, staðfestingarbréf stjórnenda og endurskoðunarskýsla löggiltra endurskoðenda sveitarfélagsins.

Framlagður ársreikningur er staðfestur samhljóða.

2. Útboð viðhald og sláttur opinna svæða 2023 - 2301027

Fundargerð frá 26.04.2023 þar sem tilboð í slátt opinna svæða á Tálknafirði voru opnuð. Jafnramt lagt fram minnisblað frá byggingafulltrúa dags. 27.04.2023 eftir yfirferð tilboða. Þar kemur fram að eitt tilboð hafi borist að upphæð kr. 10.764.552,- en kostnaðaráætlun verkkaupa var kr. 5.850.300,-.

Guðlaugur Jónsson vakti athygli á vanhæfi sínu í málinu vegna venslatengsla og vék við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu málsins og felur sveitarstjóra og byggingafulltrúa að taka upp viðræður við tilboðsgjafa með það að markmiði að samningur verði innan þess ramma sem fjárhagsáætlun leyfir.

3. Bókasafn Tálknafjarðar, starfsemi 2023 - 2303022

Lögð fram til staðfestingar samþykkt Íþrótt-, menningar- og æskulýðsnefndar um að gera tilraun til að breyta kvöldopnun bókasafnsins þannig að hún verði á þriðjudögum frá kl. 18:00-19:30. Þetta fyrirkomulag taki gildi þriðjudaginn 09.05.2023 og gildi fram að sumarlokun. Málafni bókasafnsins verði aftur tekin á dagskrá á fundi nefndarinnar í ágúst komandi og þá tekin afstaða til opunar starfsárið 2023-2024.

Mál frá 10. fundi íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhepps sem fór fram 02.05.2023.

Tillagan er staðfest samhljóða.

4. Samkomusalir, gjaldskrá - 2303021

Tillaga íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefndar að gjaldskrá vegna útleigu samkomusala í Íþróttamiðstöð og á Vindheimum lögð fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

Mál frá 10. fundi íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhepps sem fór fram 02.05.2023.

Gjaldskráin er staðfest samhljóða.

5. Starf forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar - 2304095

Tillaga Íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefndar um að starf forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar verði auglýst laust til umsóknar sem fyrst.

Mál frá 10. fundi íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhepps sem fór fram 02.05.2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu nefndarinnar um að starf forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar Tálknafjarðar verði auglýst laust til umsóknar. Ráðið verði í 100% starf þar sem forstöðumaður gengur vaktir að hluta.

Sveitarstjórn tekur undir þakkir íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefndar til fráfarandi forstöðumanns, Bjarnveigar Guðbrandsdóttur, fyrir góð störf og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

6. Fundarboð Ársfundur Náttúrustofu Vestfjarða 2023 - 2305063

Boðað er til samráðsfundar aðildarsveitarfélaga Náttúrustofu Vestfjarða (ársfundar Náttúrustofunnar), föstudaginn 19.05.2023 í Bolungarvík.

Lagt fram.

Samþykkt samhljóða að Lilja Magnúsdóttir fari með umboð Tálknafjarðarhepps á fundinum.

7. Aðild Strandabyggðar að Velferðarþjónustu Vestfirðinga - 2305071

Erindi frá Strandabyggð dags. 09.05.2023 þar sem óskað er eftir að bæjar- og sveitarstjórnir hlutaðeigandi sveitarfélaga sem standa að samningi um Velferðarþjónustu Vestfirðinga, taki beiðni Strandabyggðar um aðild formlega fyrir.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhepps samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemd við að Strandabyggð verði formlegur aðili að samningi um Velferðarþjónustu Vestfirðinga.

8. Íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefnd - 10 - 2304005F

Fundargerð 10. fundar íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefnd Tálknafjarðarhepps sem

för fram 02.05.2023.

Fundargerðin er staðfest.

8.1 2303022 - Bókasafn Tálknafjarðarðar, starfsemi 2023

8.2 2303021 - Samkomusalir, gjaldskrá

8.3 2304095 - Starf forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar

8.4 2304094 - Vinnuskóli 2023

8.5 2212664 - Tómstundafulltrúi

9. Samningur vegna tjaldsvæði - 2304088

Undirritaður leigusamningur um rekstur á tjaldsvæðis Tálknafjaðrar 2023 lagður fram.

Lagt fram.

10. Orlof húsmæðra 2023 - 2304066

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 21.04.2023 vegna orlofs húsmæðra.

Lagt fram.

11. Til umsagnar frumvarp til laga um kosningalög o.fl. (ýmsar breytingar), 945. mál. - 2304092

Erindi frá Nefnda- og greiningarsviði Alþingis dags. 26.04.2023 þar sem stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um kosningalög o.fl. (ýmsar breytingar), 945. mál.

Lagt fram.

12. Tillögur um breytingar á 133. gr. sveitarstjórnarlaga um íbúakosningar sveitarfélaga - 2305003

Erindi frá Innviðaráðuneytinu dags. 02.05.2023 þar sem vakin er athygli á því að frumvarp um breytingar á kosningalögum er nú til meðferðar hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis og að umsagnarfrestur sé til 10.05.2023.

Lagt fram.

13. Styrkumsókn frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða - 2209282

Erindi frá Ferðamálastofu dags. 02.05.2023 þar sem greint er frá niðurstöðu vegna umsóknar um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða 2023.

Lagt fram.

14. Skipulag skógræktar í landinu - 2305041

Erindi stjórnar VÍN dags. 14.04.2023 til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Lagt fram.

15. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2023 - 2301025

16. Samstarfsnefnd vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2302046

Fundargerð fundar samstarfsnefndar vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar sem fór fram 26.04.2023.

Lagt fram.

17. Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Vestfjarðarsvæðis 2023 - 2302017

Fundargerð 143. fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðarsvæðis sem fór fram 03.05.2023 ásamt ársskýrslu ársins 2022.

Lagt fram.

18. Fundargerðir stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 2022 - 2305011

Fundargerðir stjórnarfundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga nr. 65 sem fór fram 28.01.2022, nr. 66 sem fór fram 08.06.2022, nr. 67 sem fór fram 20.09.2022, nr. 68 sem fór fram 27.09.2022 og nr. 69 sem fór fram 30.11.2022.

Lagt fram.

19. Fundargerðir stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 2023 - 2305012

Fundargerðir stjórnarfundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga nr. 70 sem fór fram 18.01.2023, nr. 71 sem fór fram 15.02.2023 og nr. 72 sem fór fram 19.04.2023.

Lagt fram.

20. Fundargerðir stjórnar Samband íslenskra sveitarfélaga 2023 - 2301063

Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 922 sem fór fram 31.03.2023, nr. 923 sem fór fram 05.04.2023, nr. 924 sem fór fram 17.04.2023 og nr. 925 sem fór fram 28.04.2023.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)